

Nr. 116

4. desember 2014

FORSETAÚRSKURÐUR

**um breytingu á forsetaúrskurði nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra,
sbr. forsetaúrskurð um breytingu á þeim úrskurði nr. 90/2014.**

FORSETI ÍSLANDS
gjörir kunnugt:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskráinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, forsetaúrskurðar um skiptingu Stjórnarráðs Íslands í ráðuneyti og forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands er hér með gerð eftifarandi breyting á forsetaúrskurði nr. 72/2013, um skiptingu starfa ráðherra, sbr. forsetaúrskurð um breytingu á þeim úrskurði nr. 90/2014.

1. gr.
4. gr. úrskurðarins orðast svo ásamt fyrirsögn:

Innanríkisráðuneyti.

Ólöf Nordal fer með stjórnarmálefni sem heyra undir innanríkisráðuneytið skv. 4. gr. forsetaúrskurðar um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands og ber embættisheitið *innanríkisráðherra*.

2. gr.
Forsetaúrskurður þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 4. desember 2014.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson.

A-deild – Útgáfud.: 4. desember 2014